



Stutt nám handa stelpunum. Um hömlur á menntasókn íslenskra stúlkna á 20. öld

Helgi Skúli Kjartansson

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Skólaganga íslenskra ungmenna, umfram skyldufræðslu, hefur kynslóðum saman verið að lengjast. Breytingin fór hægt af stað og hægar hjá stúlkum en piltum svo að fyrir hundrað árum voru þær aðeins brot af nemendafjölda, bæði í langskólanámi og styttra námi, almennu jafnt sem starfstengdu. Þá hefst það ferli sem greinin fjallar um og leiddi til núverandi stöðu: Að stúlkur eða konur ná betri árangri í námi en piltar eða karlar og halda lengur áfram í skóla, og er munurinn mestur í almennu bóklegu námi. Þannig urðu þær meirihluti útskrifaðra, fyrst á stúdentsprófi 1978, síðan á grunnstigi háskólanáms, þá meistarastigi og loks doktorsstigi. Á undan fóru tímabil þar sem skólasókn stúlkna beindist einkum að húsmæðraskólum (fram um 1950), þá að verknáms- og verslunarbrautum gagnfræðastigs og starfsnámsbrautum sérskólastigs (m.a. kennaraskóla). Þegar stúlkum fjölgaði á háskólastigi var það ekki síst í stuttu starfsréttindanámi (stúdentadeild kennaraskóla, meinafræði, tækniteiknun). Hér er leitast við að skýra þessa þróun. Annars vegar út frá hugmyndum hvers tíma um hlutverk kvenna í samfélagi og á vinnumarkaði, en þær beindu stúlkum í stutt nám og starfstengt. Hins vegar út frá undirliggjandi áhuga stúlkna, ekki síður en pilta, á bóklegri menntun, áhuga sem til lengdar lét ekki stýrast af praktískum sjónarmiðum.

Efnisorð: Skólasaga (Ísland), menntun kvenna, námsval, húsmæðraskólar

Öldin önnur

Sú var tíðin að skólaganga og formlegt nám var fyrir fáa útvalda – og þá vitaskuld fyrir pilta, ekki stúlkur, enda voru starfandi menntamenn að sjálfsögðu karlar, rétt eins og herstjórar og ríkisleiðtogar og fremdarmenn á flestum sviðum. Ekki fyrir neitt náttúruleg málg; það var lögmál guðs en ekki náttúrunnar sem bannaði konum að taka prestvígslu, en annars voru það undantekningar sem „sönnuðu regluna“. Eins og kven-faraóinn Kleópatra, kven-skáldjöfurinn Saffó, heimspekikennarinn og stærðfræðiséníið Hýpatía í Alexandríu. Á miðöldum var Jóhanna af Örk ámóta undantekning meðal herstjóra eins og leikritaskáldið Hróðsvita frá Gandersheim, guðfræðingurinn Hildigerður af Bingen eða María af Frakklandi í hópi lýrískra skálda (höfundur *Strengleika* sem þýddir voru á norrænu við hirð Hákonar gamla). Íslenskar undantekningar sönnuðu sömu reglu, allt frá hinni „hreinferðugu jungfrú“ Ingunni sem orð fór af á Hólum í tíð Jóns biskups helga, svo hámenntaðri að hún leiðrétti latínuna hjá skólagengnum klerkum. Að vera bókhnægð, það var ekki lýti á konu – þá hefði það ekki orðið hefð í málalalist síðmiðalda að sýna Maríu mey á unglingsaldri niðursokkna í bóklestur. Það var þó undantekning, eðlilegra að „fýsnin til fróðleiks og skrifta“ næði þroska hjá piltum.

Nú er öldin önnur. Ekki aðeins að bilið milli karla og kvenna hafi á flestum sviðum blessunarlega minnkað; í menntun og skólagöngu hefur það beinlínis snúist við. Sá viðsnúningur hefur ekki síst orðið gagnger á Íslandi, eins og lesa má í hverri PISA-skýrslunni af annarri; hér bera stúlkur langt af piltum á hverju prófi, ólíkt þeim löndum þar sem veruleikinn hefur ekki unnið eins

auðveldan sigur á þeirri gömlu hugmynd að a.m.k. stærðfræðin liggi betur við piltum. Stúlkurnar, sem standa sig svo miklu betur en piltar á lægri skólastigum, halda fremur áfram á þeim hætti, væntanlega bæði af því að þær hafi meiri áhuga á því og treysti sér betur til þess, auk þess sem þær stranda síður á námskröfum lægri stiganna.

Skólaganga og hestamennska

Í skólanámi helst eðlilega í hendur áhugi, ástundun og árangur. Þar má ætla að jákvæð fylgni skýrist af orsakatengslum í allar áttir: Áhugi stuðlar bæði að ástundun og góðum árangri; ástundun skerpir áhugann og bætir árangur; árangursríkt nám viðheldur bæði áhuga og ástundun. Hvað kemur þá til að þessi þrenning skilar stúlkum svo miklu lengra en piltum? Ræður því eðli eða umhverfi?

Nú er „eðlishyggja“ talin til ódygða í félagsvísindum og því bæði rétt og skylt að hyggja fyrst að umhverfinu. Um fyrri tíma er auðséð hvernig þjóðfélagsgerð og hugsunarháttur bægdu stúlkum frá skólanámi. Er þá nærtækt að skýra forskot stúlkna í nútímanum líka út frá aðstæðum. Þannig er réttilega bent á að rótgrónir kynjafordómar gefi körlum forskot á öðrum sviðum, meðal annars á vinnumarkaði, og hafi stúlkur því minni vonir um starfsframa nema í krafti menntunar. Ef þetta væri aðalskýringin mætti samt ætla að þær legðu ekki aðeins á sig lengra nám en piltar heldur veldu jafnframt hagnýtari námsleiðir eða tekjuvænlegri, en svo einfalt er það nú ekki. Þá er hinn möguleikinn: Að skólastarf nútímans sé á einhvern hátt orðið svo „kvenlægt“ að drengir og piltar njóti sín þar ekki sem skyldi. Það þarf ekki að vera nein „eðlishyggjuskýring“ heldur getur hún legið í heimilisuppeldinu (að einhvern veginn kunnum við betur að ala upp dætur okkar en syni á þann veg sem býr þær undir skólanám), stofnanamenningu skólanna (þar sem kvenkyns starfsfólk og stjórnendur hafi, ef ekki fordóma gagnvart strákum þá a.m.k. betra lag á að virkja stelpurnar) eða sjálfri barnamenningunni (þar sem strákar ali upp hver í öðrum hugsunarhátt sem illa hæfir skólastarfi, jafnvel neikvætt viðhorf til skólans, kannski í og með af því að þar vanti karlkyns fyrirmyndir).

Svo má kannski, þrátt fyrir allt, leyfa sér ögn af eðlishyggju. Það er varla uppeldið sem gerir fleiri karla örvhenta en konur, og þá kannski ekki uppeldið eitt sem veldur kynjahalla þegar kemur að frávikum sem geta verið hamlandi í námi; ofvirkni, athyglisbrestir eða lesblindu. Eitthvað meðfætt ræður því að stelpur taka að jafnaði út málþroska sinn heldur fyrr en strákar, og getur það augljóslega gefið þeim nokkurt forskot í skóla. Svo má velta fyrir sér einhverjum skapgerðareigindum. Það er sem sagt svolítið áleitinn hugmynd að það hafi ekki aðeins verið mismunur og óréttlæti hvernig endilöng fortíðin svipti stúlkur tækifærum til menntunar og skólagöngu *til jafns við* pilta, heldur hefði allan tímann verið auðveldara og skilvirkara að mennta stúlkur *fremur* en jafnaldrar þeirra af karlkyni.

Ef samfélagið hefði bara haft vit á því – eins og okkar samfélag virðist nú loksins hafa. Í því samhengi rifjast upp fyrir mér eldgömul minning, frá því ég reyndi í fyrsta sinn að lesa bók á erlendu máli. Hún var vinsældarit um atferlisfræði, sem þá var nýkomin í tísku, þar sem höfundur tefldi meðal annars fram eðlishyggjuskýringu á því að hestamennska höfðaði sérstaklega til stúlkna. Það sem kom flatt upp á mig, það var spurningin frekar en svarið. Í minni sveit voru það karlar sem tömdu hesta, notuðu þá og kunnu með þá að fara (með undantekningum sem aðeins sönnuðu regluna, eins og ein af langömmum mínum sem hafði notið álits sem hestamaður). Þegar skáldið „dansar á fákspori yfir grund“ og finnur leyniþráðinn „milli manns og hests og hunds“, þá er það karlmaður sem yrkir, líka sá sem hafði „selt hann yngra Rauð, er því sjaldan glaður“. Í mannkynssögunni voru það karlar sem ferðuðust ríðandi, börðust á hestbaki (*Man on Horseback* hét fræg bók um pólitísk völd hermanna), beittu hestum fyrir vagna og plóga. Ég vissi ekki til að hestamennska hefði nokkurn tíma verið stelpnasport eða sérstakt áhugamál kvenna – en það er hún víst orðin núna, meira eða minna, víða í okkar heimshluta. Það skyldi þó ekki vera að stúlkur hefðu alla tíð haft meiri áhuga en piltar, bæði á hestamennsku og bóklegri menntun, bara ef sá áhugi hefði fengið að njóta sín, óheftur af mismunur og kvennakúgun?


Frá engu til doktors

Frekar en eltas lengra við of stórar spurningar er nú ráð að koma sér að efninu; umskiptunum miklu á skólasókn íslenskra stúlkna:

- frá því fyrir 150 árum að þær höfðu nánast engan aðgang að neinum skólum umfram skyldunám,
- þar til nú á 21. öld að þær eru í meirihluta á öllum stigum náms, allt að doktorsprófi.

Umskiptum sem kenna má við næsta samfellda sókn, því á hverju tímabili jókst skólasókn stúlkna og kvenna meira en karla. Sókn sem þó skiptist í áfanga þar sem karlavígin féllu eitt af öðru, og er forvitnilegt að skoða í hvaða röð.

Berum fyrst niður þar sem Jón Torfi Jónasson (2008, bls. 181) tekur saman á mynd hlutfall pilta og stúlkna, 14 til 17 ára, sem skráð voru í skóla á Íslandi árin 1965 til 2005. Yngsti árgangurinn var víðast hvar skólaskyldur allt tímabilið, sá næstýngsti (lokabekkur grunnskóla) líka síðari hluta þess. Drátt fyrir skólaskylduna munar nokkru hvað stúlkurnar skila sér betur í skóla. Af næsta árgangi, 16 ára, (sem sækir fjórða bekk gagnfræðastigs og síðan fyrsta bekk framhaldsskólastigs) er allan tímann meirihlutinn í skóla, og sá meirihluti er mun stærri hjá stúlkunum. Þegar kemur að 17 ára árganginum fara stúlkurnar ekki að síga fram úr fyrr en eftir 1970. Þangað til hafa þær að vísu síður en piltar hætt skólagöngu við lok skyldunáms, hins vegar fremur látið sér nægja eins og tveggja ára nám. Nú fer það að breytast, orðið algengara að stúlkur en piltar séu í skóla a.m.k. þrjú ár umfram skyldu. *Mynd 1* sýnir hluta af þessari þróun; hvernig stúlkur eru síður en piltar hætta í skóla 16 ára, en vaxandi skólasókn 17 og 18 ára unglunga um 1970 birtist hjá báðum kynjum jafnt og ekki fyrr en eftir það sem stúlkurnar fara að síga löturhægt fram úr.




Mynd 1. Ungmennni skráð í skóla að hausti, % af árgangi.

* Tölum 1979 sleppt. Vegna breyttrar skráningar iðnnema eru þær ósambærilegar við hin árin.

** Fækkun 1979, einkum hjá piltum, skýrist af því að nú sótti þessi árgangur ekki lengur fjórða bekk gagnfræðaskóla.

Heimild: Hagstofa Íslands, 1984, bls. 234.

Meðan skólasókn beggja kynja vex hægt og sígandi beinist hraðvaxandi hluti hennar að menntaskólum og öðrum stúdentsnámsbrautum, einkum hjá stúlkum sem um miðja öldina voru orðnar fjórðungur stúdenta og frá 1978 vaxandi meirihluti. *Mynd 2* sýnir hvernig hlutfall ungmenna sem ljúka stúdentsprófi vex hvern áratuginn af öðrum. Fram til 1990 hafði hlutfallið hjá piltum ríflega þrefaldast á 40 árum en hjá stúlkum fast að því fimmtánfaldast. Þá eru þær komnar með forskot upp á 15 prósentustig sem tvöfaldast á síðustu 30 árum. Jón Torfi Jónasson reyndist býsna sannspár þegar hann sagði (1995, bls. 192): „Á næstu 10–15 árum stefnir í að 70–80% af árgangi stúlkna taki stúdentspróf og piltarnir fylgi þar á eftir.“




Mynd 2. Ljúka stúdentsprófi, % af árgangi.

Heimildir: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 856–858. Hagstofa Íslands, e.d.-a.

Afhverju voru stúlkur allt fram til 1977 minnihluti stúdenta? Fram um 1970 hafði fjölda stúdenta verið haldið niðri með ströngum námskröfum, í menntaskólunum sjálfum en þó einkum á landsprófi miðskóla sem veitti aðgang að þeim. Aðsókn að landsprófi sýndi vaxandi áhuga á stúdentsmenntun, en þó að meira en þriðjungur árgangs væri farinn að þreyta landsprófið náði minna en fjórðungur framhaldseinkunn (Jón Torfi Jónasson, 2008, bls. 180). Í ljósi síðari reynslu má ætla að slík námsraun hefði reynst stúlkum minni farartálmi en piltum, ef þær hefðu sótt jafn fast í stúdentsnámið. Þeirra yfirburða neyttu þær þó merkilega seint, ekki fyrr en um það leyti sem landsprófið var afnumið og opnaðar fleiri og greiðari leiðir til stúdentsprófs (Jón Torfi Jónasson, 2008), leiðir sem ætla mætti að piltarnir hefðu þurft meira á að halda.

Þegar konur voru orðnar drjúgur meirihluti útskrifaðra stúdenta gat ekki hjá því farið að þær yrðu einnig meirihluti nemenda á háskólastigi – en það gerðist líka með nokkurri töf. Að meðtöldum íslenskum námsmönnum erlendis héldu karlar meirihluta sínum meðal háskólanema fram yfir 1985 og ekki fyrr en um 1990 sem konur fóru að síga verulega fram úr (Velferðarráðuneytið, 2011, bls. 90). Þetta gerðist seinna en ætla mætti, að nokkru vegna þess að konur létu sér fremur nægja stúdentsprófið, a.m.k. í bili, og ekki síður vegna þess að þær völdu sér styttri námsleiðir á háskólastigi. Því var það ekki fyrr en 1998, þegar konur höfðu í áratug verið umtalsverður meirihluti allra háskólanema, sem fleiri konur en karlar luku námi á meistarastigi (sjá *Mynd 3*). Ekki fyrr en núna frá 2014 hafa þær verið í vaxandi meirihluta útskrifaðra doktora frá íslenskum háskólum (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Þar með var síðasta karlavígið fallið, en það hafði staðist býsna lengi. Slumpum á að doktorsprófi sé að jafnaði lokið 15–20 árum eftir stúdentspróf (sbr.

Miðstöð framhaldsnáms, e.d., bls. 24, sem sýnir mið-aldur doktora frá HÍ nálægt fertugu), en frá 1978, þegar konur voru orðnar meirihluti stúdenta, tók það þær ekki 15 eða 20 ár að verða meirihluti á doktorsprófi heldur 36 ár.



Mynd 3. Brautskráningar frá íslenskum háskólum 1995–2020.

Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.-b.

Svona er þessi hálftrar aldar saga af menntasókn íslenskra stúlkna og kvenna. Fyrst eru þær að vísu líklegri en piltar til að fara eitthvað í skóla eftir skyldunám, en láta sér fremur nægja styttri námsbrautirnar. Síðan eru þær orðnar fleiri sem ljúka stúdentsprófi en líka fremur að þær láti þar staðar numið. Þá meirihluti í háskólanámi, en líklegri til að láta duga lægri gráðu – og þegar konur voru loks orðnar fleiri sem luku meistaranámi, þá voru þær lengi vel ólíklegri en karlar með sömu gráðu til að halda áfram til doktorsprófs.

Hægfara byrjun

Á undan þessari hálftrar aldar sögu fer lengra tímabil þar sem stúlkur saxa hægt og hægt á menntaforskot piltanna.

Hér að framan var aðeins rætt um nám umfram skólaskyldu. Skyldunáminu má þó ekki gleyma, sem ævinlega var hið sama fyrir drengi og stúlkur. Þar vildi svo vel til að skyldufræðslan hafði vaxið út frá fermingarskyldu hinnar lúthersku þjóðkirkju og var í upphafi ekki annað en fermingarfræðsla. Sáluhjálp átti fólk að öðlast fyrir sanna trú; trúin var mál hvers einstaklings gagnvart guði, kvenna jafnt sem karla; og trúin var ekki í lagi nema hver og einn skildi býsna nákvæmlega hvað í henni fælist. Þekkingarkröfur til fermingarbarna voru á 18. öld orðnar svo ríkar að þeim varð ekki fullnægt við íslenskar aðstæður nema börnin væru sjálf læs á sitt fermingarkver. Þannig varð lestur að skyldunámsgrein og þá vitaskuld jafnt fyrir fermingarbörn af báðum kynjum. Þegar skyldufræðslan var útvíkkuð 1881 og bætt við skrift og reikningi, þá var það skipulagt sem viðbót við fermingarfræðsluna og kom því af sjálfu sér að kenna skyldi báðum kynjum jafnt – þó að bæði skriftar- og reikningskunnátta teldist þá gagnlegri fyrir karla en konur.

Þegar barnaskólar komu til sögunnar – örfáir fyrir 1900, svo um skeið aðallega farskólar – og tóku smám saman við hlutverki heimilanna í skyldufræðslu; þegar fræðsluskyldan breyttist með tímanum í skólaskyldu (að miklu leyti um 1910); og þegar skólaskyldan lengdist smám saman úr fjórum árum í átta (vídast hvar komið á upp úr 1950); þá var verklega námið að vísu kyngreint (handavinna og síðar einnig matreiðsla stúlkna á móti smíðum drengja), en hið bóklega eins fyrir bæði kyn, líka lesgreinarnar (eftir 1907) og erlend mál (eftir 1946). Meðan það voru miklu fremur piltar sem fóru í skóla að skyldunámi loknu, þá var sérhver viðbót við barnaskólahald og skólaskyldu skref í jafnréttisátt, hlutfallslega meiri viðbót við nám stúlkna sem veitti þeim sama undirbúning og piltum undir frekara nám, gagnstætt því sem áður var þegar sjálfsnám pilta með óformlegri tilsögn brúaði bilið milli fermingarfræðslu og inntökuprófs í Lærða skólann.

Að skólanám eftir fermingu væri aðeins fyrir pilta, frá því voru undantekningarnar nógu fáar til að „sanna regluna“, a.m.k. fram á landshöfðingjatíma. Ljósmaðrafræðsla á vegum landlæknis var eina innlenda starfsnámið sem stúlkum stóð til boða, og örfáar nutu skólagöngu í Danmörku, helst þá í kvennaskólum eða kennaraskólum. Þegar íslensku kvennaskólarnir voru stofnaðir, í Reykjavík 1875 og í kjölfarið tveir á Norðurlandi, þá nutu þeir starfskrafta kvenna sem lært höfðu í Danmörku. Þeir voru stofnaðir fyrir einkaframtak, gagnert til að svala menntunarfraða íslenskra stúlkna. Þeir veittu almenna menntun frekar en starfsmenntun, má telja hliðstæða gagnfræðaskólunum tveimur sem stofnaðir voru um sama leyti, opnir báðum kynjum en aðallega sóttir af piltum. Verkmenntaskólar voru hins vegar stofnaðir fyrir pilta, einkanlega búnaðarskólarnir en líka sjómannaskólar og vísir að iðnfræðslu; hliðstæða þeirra fyrir stúlkur var helst *Mjólkurskólinn* á Hvítárvöllum, stofnaður um aldamót til að þjálfra nýja (og fámenna) kvennastétt; rjómabússtýrurnar.

Þótt langskólanámið, til stúdentsprófs og á háskólastigi, væri auðvitað hugsað fyrir pilta, þá þótti nú sanngjarnt að það stæði einnig til boða þeim – væntanlega fáu – stúlkum sem hefðu á því brennandi áhuga. Þannig var Menntaskólinn í Reykjavík frá upphafi 1904 opinn jafnt piltum sem stúlkum og Háskóli Íslands frá stofnun 1911. Af starfsmenntaskólum átti það einnig við um kennaradeild Flensborgarskóla og í framhaldi af henni Kennaraskólann (frá 1908). Um sama leyti fjölgaði kvennaskólum sem nú var fremur litið á sem starfsmenntaskóla fyrir matseljur, ráðskonur og umfram allt verðandi húsmæður. Enda hétu þeir hússtjórnarskóli (í Reykjavík 1897) og síðan húsmæðraskólar (fyrst á Akureyri 1907), auk þess sem sjálfur Kvennaskólinn í Reykjavík bauð viðbótarnám í húsmæðradeild. Um 1930 var sérstakt átak gert til að fjölga húsmæðraskólum í sveit; var þá keppikeflið að sveitaunglingum stæði til boða kyngreint nám í bændaskólum og húsmæðraskólum við hlið héraðsskólanna sem voru opnir báðum kynjum.

Á stríðsárunum var Ísland ekki aðeins hernumið og gert að lýðveldi heldur tók efnahagur landsins stakkaskiptum. Stakkaskiptum sem landsmenn fundu að þeir þurftu að fylgja eftir með því að fjárfesta í áframhaldandi framförum, vitaskuld í atvinnulífínu („nýsköpunin“) en líka í innviðum samfélagsins, ekki síst með víðtækari menntun. Grunnur að því var lagður með margþættri fræðslulöggjöf, jafnan kenndri við árið 1946. Mestu nýmælin fólust í hinu nýja gagnfræðastigi sem spannaði fjögur námsár og tók ekki aðeins við af gagnfræðaskólum og héraðsskólum heldur yfirtók líka síðasta bekk barnaskólanna og fyrstu bekk menntaskólanna. Stefnit skyldi að skólaskyldu fyrstu tvö ár gagnfræðastigsins og sem almennastri skólasókn a.m.k. eitt ár í viðbót.

Samhliða þessu var gert stóráttak í húsmæðrafræðslu. Fyrst var stofnaður húsmæðrakennaraskóli. Ný lög voru sett um húsmæðraskóla 1946, alfarið miðuð við að þeir byggju námsmeyjar undir heimilisstörf, hússtjórn og barnaupveldi. Þeir voru orðnir tólf talsins en sumir mjög litlir, og voru fjárveitingar auknar til að efla þá og fjölga nemendum. Árið 1950, þegar 58 stúlkur luku stúdentsprófi, tókst að koma fyrir tífalt fleirum í eins árs nám húsmæðraskólanna, 582 (Arngrímur Kristjánsson, 1951), eða sem svarar fullum helmingi af 18 ára stúlkum í landinu.

Auðvitað var það þó aldrei helmingur af neinum árgangi stúlkna sem valdi húsmæðranámið heldur sóttu þangað samtímis stúlkur á ólíkum aldri, sumar með undanþágu frá 17 ára lágmarksaldri, aðrar mun eldri sem nú fyrst höfðu efni á að unna sér skólagöngu. Aðsókn á þeim grunni gat aldrei haldist lengi. Þar við bættist að í þéttbýli fóru stúlkur fljótlega að taka nýja gagnfræðastigið fram yfir húsmæðranámið, enda var það beint framhald af skyldunáminu og gat verið með

hagnýtu ívafi, sérstaklega í verknámsdeildum. Efling húsmæðraskólanna reyndist hafa verið „offjár festing“ í menntun, og er athyglisvert að ríkisvaldið skyldi leggja svo mikið kapp á að mæta menntunarþörf stúlkna einmitt með þessum hætti. Athyglisvert er líka hve hratt fjarði undan húsmæðraskólunum eftir 1950, á því tímabili þegar hugmyndin um hina „heimavinnandi húsmóður“ var almennari veruleiki á Íslandi en bæði fyrr og síðar. Þótt stúlkanna biði kannski húsmóðurhlutverkið sem meginstarf, þá nægði þeim ekki að búa sig undir það eitt.

Nám – og kennsla – á grunni reynslu

Þessa sögu var ég svo heppinn að fá tækifæri til að kenna kennaraefnum, aldrei þó á eigin spýtur heldur fyrst undir handarjaðri Lofts Guttormssonar (sem ég á líka að þakka að hafa efnt til fyrstu kynna og samvinnu okkar Jóns Torfa), síðar á ábyrgð Ólafar Garðarsdóttur. Í kennslufræðinni var verðandi kennurum jafnan bent á tækifærin sem felast í að láta nemendur nota foreldra sína eða aðra nákomna sem heimildarmenn um nýlega fortíð. Það sama fórum við að gera í skólasögunni. Þar voru nemendur reyndar á þeim aldri að hafa sjálf lifað um og yfir 15 ár af skólasögu, sum miklu meira. Þar sem eigin reynslu sleppti hvöttum við nemendur okkar til að spyrjast fyrir um reynslu eldri ættingja, hvernig skólagöngu þeirra hefði verið háttáð og hvernig þeirra kynslóð hefði hugsað um menntun. Til dæmis um námsval við hæfi stúlkna, eða hvort eðlilegt hefði þótt að ung kona hætti sjálf í skóla til að vinna fyrir manni sínum meðan hann lauk námi.

Sjálfur var ég fyrst á aldur við foreldra flestra nemenda minna en í seinni tíð af sömu kynslóð og afar þeirra og ömmur. Eðlilegt var að nemendur sæju mig gera það sama og ég hvatti þau sjálf til að gera; að tengja skólasöguna við eigin reynslu og þar á undan reynslu fjölskyldu minnar.

Nú hafði ég ekki reynt á eigin skinni hvernig var að ganga í skóla sem stúlka, en ég fann hvaða viðhorf giltu gagnvart mér sem skólastrák. Þegar ég reyndist njóta mín vel í námi, þá var ekkert sjálfsagðara en að ég veldi mér langskólabrautina, ólíkt mínum nánustu, og gerði ráð fyrir að finna mér starf sem „menntamaður“. Sem stelpa hefði ég tæpast mætt þeim væntingum svo óblöndnum.

Að loknu skyldunámi í Reykjavík 1964 valdi ég landsprófsbekk, vissi ekki betur en til þess hefði hver og einn fullan rétt. Síðan frétti ég þó hjá jafnöldrum mínum að í sumum gagnfræðaskólum væri allt annað en sjálfsagt að hleypa hverjum sem er í landprófsdeildina. Skólastjórar þrýstu á nemendur eða foreldra og tóku sér jafnvel vald til að synja þeim sem ekki „áttu erindi“ í landspróf. Fullyrt var að sums staðar væri landsprófsdeildin þrengri inngöngu fyrir stúlkur en piltar.

Landsprófsbekkurinn átti auðvitað að vera sía, sömuleiðis fyrsti bekkurinn í Menntaskólanum í Reykjavík, þar sem ég lærði til stúdentsprófs. Hvernig stelpur stóðu sig borið saman við okkur strákana, það vissi ég óglögg. Alltaf var nokkuð um að nemendur endurtækju þessa bekki, kæmust ekki í gegn fyrr en í annarri tilraun og lykju því námi á eftir jafnöldrum sínum. Dæmi þess þekkti ég hjá piltum, ekki stúlkum, enda hefur væntanlega ekki þótt ástæða til að þær legðu því líkt ofurkapp á að „ganga menntavegin“. Hæstu einkunnir á landsprófi gátu um þetta leyti bæði lent hjá strákum og stelpum. Í menntaskólanum var farið að þykja eðlilegt að stúlkur dúxuðu í máladeild, en í stærðfræðideild, þar sem piltar voru miklu fleiri, var enn gert ráð fyrir að þeir tækjust á um hæstu einkunnir.

Að loknu stúdentsprófi held ég enginn hafi búist við öðru en ég veldi mér háskólanám eftir áhuga og kannski metnaði. Utan að mér heyrði ég þó, bæði þá (kringum 1970) og síðar, að önnur sjónarmið gætu gilt um konur, sem áttu ekki endilega að búa sig undir fulla vinnu alla starfsævina eða sækjast eftir starfsframa til jafns við karla.

Ekki er mjög langt síðan ég heyrði tvær jafnöldrur mínar rifja upp sögu þeirrar þriðju. Sú var orðin stúdent og hafði ætlað í læknisfræði þegar faðir hennar tók í taumana: „Nei; nú ert þú komin með kærasta og nú ferð þú að vinna.“ Sem hún gerði en tókst löngu seinna að ljúka kennaranámi. Sem sagt ein þeirra mörgu sem fundust þær hafa hætt of snemma í skóla og leiðréttu það síðar, oft með stúdentsprófi frá öldungadeild, en á fyrstu árum öldungadeildanna heyrði maður kennara dást að því hve öflugir og áhugasamir nemendur þessar roska konur gætu verið.

Dó að konur hættu ekki námi við stúdentspróf, þá var hægt að velja framhaldið af ráðdeild og hagsýni. Við Kennaraskólann var stúdenteild þar sem allt fram til 1969 mátti vinna sér inn réttindi barnakennara með eins árs námi að loknu stúdentsprófi; það gullna tækifæri gripu aðallega stúdínur. Ég heyrði líka talað um nýja námsbraut (frá 1966) sem einkar vel hentaði stúlkum úr stærðfræðideild: *meinataekni*. Námið var stutt, að meirihluta verklegt, nóg atvinna í boði, hægt að fá hlutastarf ef vildi – og ekki um neinn starfsframa að ræða sem kona gæti misst af þó hún gerði hlé á starfi til að helga sig manni og börnum. (Ég skil vel að síðar þótti ástæða til að finna þessu fagi nýtt og gjörólíkt heiti – lífeindafræði.) Síðan var hafin kennsla í tækniteiknun sem mér skildist hafa svipaða kosti.

Þótt stúdínan léti sér ekki lynda annað en hefja háskólanám, þá gat það líka verið sémilega stutt og hagnýtt. Málanám var talið henta vel konum; þriggja ára BA-nám dugði til að verða kennari, og í háskólanum heyrði ég enskunámið kallað „flugfreyjudeildina“. Það þótti upplagður undirbúningur fyrir spennandi starf sem þá átti alls ekki að vera ævistarf heldur sumarvinna eða tímabundið starf ungra kvenna þangað til þær festu ráð sitt. Svona var ekki talað um námsval karlanna í háskóla.

Móðurminning

Það sem ég mundi ekki sjálfur, það reyndi ég, eins og við hvöttum nemendur okkar til að gera, að tengja við eldri reynslu úr fjölskyldu minni, og þar voru þó bæði karlar og konur.

Ömmur mínar höfðu reyndar hvorug nokkru sinni sest á skólabekk. Þær ólust upp í sveit, önnur prestsdóttir, hin tókubarn hjá ættingjum, báðar fermdar áður en farkennsla hófst í heimabyggð þeirra. Báðar fengu þær síðan tækifæri til að vera í Reykjavík um tíma, í og með til að afla sér menntunar. Ekki með neinu skipulegu skólanámi en báðar höfðu þó lært að nota saumavél. Það er áminning um að nemendafjöldi hinna eiginlegu skóla segir ekki allt um það sem ungu fólki var kennt, og að meðan skólaganga stúlkna var mjög takmörkuð þá munaði þær töluvert um tækifæri af þessu tagi.

Móðir mín ólst upp í sömu sveit, þar sem þá var kominn heimavistarskóli (einn af þeim fyrstu) og fjögurra ára skólaskylda. Hún fékk reyndar undanþágu frá skólaskyldu fyrsta árið, var yngst þriggja systkina, og á kreppeárunum hafði heimilið ekki efni á að hafa öll börnin í skóla sama árið. Hún fylgdist því bara með heimanámi bróður síns og fór svo í skóla þegar eldri systirin hafði lokið barnaprófi. Þau gerðu ekki ráð fyrir frekari skólagöngu, en raunar fékk móðir mín svipað tækifæri og ömmur mínar; að dvelja í Reykjavík vetrarpart og vinna á saumastofu í óformlegu verknámi.

Stríðs- og hernámsárin bættu hag bænda, ekki síður en annarra stétta. Heimili móður minnar naut líka góðs af vinnuafla uppkominna barna og var áður en varði orðið sémilega bjargálma. Nú var hægt að kosta börnin í skóla, eitt í senn. Bróðirinn valdi héraðsskóla, lauk tveggja ára námi, að hluta í smíðadeild sem var hagnýtt nám fyrir verðandi bónda. Móðir mín átti kost á tveimur árum eins og hann. Notaði það fyrra til að ljúka húsmæðraskóla – það var hagnýta valið – en fór á héraðsskóla það seinna. Hefði vitaskuld langað til að vera bæði árin í héraðsskóla, en það hefði ekki verið eins skynsamlegt. Henni var ráðlagt að sleppa ensku og dönsku; þær greinar tæki því ekki að læra í eitt ár. Því vissi ég að hún sá eftir og reyndi löngu seinna að bæta sér það upp. Hitt vissi ég aldrei, fyrr en hún andaði því út úr sér komin undir átrætt, að sig hefði auðvitað alla tíð langað mest til að verða stúdent.

Auðvitað? Hvað ætli hún hafi verið fulltrúi margra íslenskra stúlkna, af sinni kynslóð og eldri, sem „auðvitað“ langaði mest í lengra skólanám en hægt var að hafa orð á?

Óvísindaleg tilraun

Út frá þessu öllu saman fór ég að gæla við hugmynd, of grófa til að kalla „kenningu“ en fremur eins konar líkan, þar sem ég sá skólasókn og námsval íslenskra stúlkna á 20. öld þróast í dialektísku samspili tveggja afla.

Að sínu leyti langaði stúlkurnar einfaldlega að læra. Bóknám gat höfðað til þeirra ekki síður en piltar. Þær gátu ekki síður en þeir haft áhuga á menntun menntunarinnar vegna. Eftir því sem hagar þjóðarinnar batnaði og skólamenntun varð ríkari þáttur í tækifærum piltar, því raunhæfara varð fyrir stúlkurnar að gera alvöru úr menntadraumum sínum – og það því fremur sem jafnréttisvitund þeirra var smám saman að glæðast, ekki lengur nein goðgá að ætlast til svipaðra tækifæra fyrir sig sjálfar eins og bræður sína.

Andspænis stúlkunum stóð umhverfið, samfélagið. Í mynd foreldra, skólans, yfirvalda, almenningsálits. Samfélagið sem fann að það var ekki sanngjarnt að loka leiðum fyrir stúlkum aðeins af því að þær voru stúlkur, fann að menntaþrá þeirra var réttmæt og í sjálfu sér framfaraafli. Þess vegna var þeim veitt formlegt jafnrétti til náms, á menntaskólastigi 1904 og háskólastigi 1911.

En konur höfðu nú einu sinni annað hlutverk en karlar og áttu því ekki að svala menntaþrá sinni á sömu forsendum og þeir. Þær áttu að kunna sér hóf, velja stutt nám og hagnýtt, gjarna verklegt.

Viðbrögð samfélagsins voru ekki fjandsamleg, miklu fremur föðurleg. Annars vegar að sýna stúlkum fram á hvað væri skynsamlegt fyrir þær. Hins vegar að greiða fyrir heppilegri menntun þeirra með því að hafa í boði viðeigandi nám. Það er augljósast um húsmæðraskólana og þá ríku áherslu sem lögð var á að mæta eftirspurn eftir húsmæðranámi. Þegar of fáar stúlkur létu sér lengur nægja einn vetur á húsmæðraskóla, þá voru verknámsdeildir gagnfræðastigsins, og síðar verslunardeildir, hagnýtur kostur fyrir stúlkur sem vildu ekki aðeins búa sig undir húsmóðurhlutverkið heldur líka bæta stöðu sína á vinnumarkaði þar sem þær hefðu a.m.k. viðdvöl þangað til þær festu ráð sitt og e.t.v. líka síðar á lífsleiðinni. Svo var gagnfræðanamið ekki nóg fyrir allar, en var þá ekki kennaraskóli hagnýtari kostur en menntaskóli? Eða sérnám kvennastétta – hjúkrun, hárgreiðsla, kjólasaumur? Þegar æ fleiri stúlkur láta sér ekki nægja minna en stúdentspróf, má þá ekki benda þeim á styttra framhald og hagnýtara en að fara endilega í háskóla? Eða, ef þær fara í háskóla, eru þær ekki líka hagnýtir kostir við hæfi kvenna? Og þannig koll af kalli, þar til síðasta vígið féll, sjálft doktorsprófið. Alltaf hafði samfélagið haldið að stúlkum styttra námi en piltum, starfstengdu og gjarna verklegu. Á endanum kusu þó stúlkurnar lengra nám, og þá einkum almennt og bóklegt langskólanám, meðan piltar létu sér fremur nægja verklegt starfsnám.

Til að prófa þessa hugmynd hef ég ekki lagst í heimildakönnun að hætti sagnfræðinga, hvað þá gert neina félagsvísindalega viðtalsrannsókn (sem ég kann ekki). Þess í stað gerði ég þá óvísindalegustu tilraun sem sögur fara af. Ég fékk tækifæri til að tala á ráðstefnu Íslandsdeildar Delta Kappa Gamma (samtaða kvenna í fræðslustörfum) þar sem ég hélt fram þessum sjónarmiðum, rökstuddum líkt og hér að framan. Ég fékk ekki aðeins vinsamlegar undirtektir heldur áþreifanlegan vitnisburð um ýmis atriði sem styðja heildarmyndina, eins og reynslusögu úr einum gagnfræðaskóla Reykjavíkur þar sem skólastjórinn notaði verslunardeildina gagnert til að laða duglegar stelpur frá landsprófsdeild.

Síðan held ég bara að það sé nokkuð til í þessu.

Short schooling fit for girls

Over the course of the twentieth century Icelandic girls and women progressed from enjoying very limited formal schooling beyond compulsory education, far less than their male contemporaries, to clearly outdoing boys or men at every level of academic study, secondary as well as tertiary. The article traces this development stage by stage and endeavors to explain it in terms of a dialectic interplay between (a) girls being no less (eventually even more) interested in education; and (b) society (authorities, schools, parents) providing and advocating shorter and more practical study for girls than boys.

Discrimination, however, only kicked in at post-compulsory level. In Iceland, part of the strictly Lutheran Danish kingdom, compulsory education grew out of the substantial religious instruction considered essential for confirmation into the state church. Salvation was seen as an individual matter, making religious instruction equally important for both genders. The same applied to reading, which was made compulsory as a skill to be used in acquiring the religious knowledge, and eventually to writing and arithmetic which for practical reasons were annexed to the compulsory home schooling provided under the supervision of the parish minister. When primary schools (at first typically arranged as itinerant teachers) gradually supplemented and then replaced home schooling, gender discrimination in academic subjects was out of the question, making girls as well prepared as boys for further study.

Post-compulsory education in Iceland had been male only (with the exception of practical training in midwifery) until a school for girls was established in Reykjavík in 1875, offering an essentially secondary modern course of study. Similar schools were established in rural districts while a slowly increasing number of girls attended other secondary modern schools (including Scandinavian style “folk high schools” for rural students), the Reykjavík gymnasium (open to girls from 1904), a teacher training school (1908) and even the new University of Iceland (1911). Concurrent with this development, the 1930s and 40s saw an increasing emphasis on “home economy” schools for girls, offering a one year’s course of largely practical subjects, regarded as vocational training for the typical female “career” of domestic help, then housewife. Demand for this type of education peaked in 1950, then slumped abruptly as girls preferred the co-educational lower secondary education increasingly provided throughout the country. Other secondary education considered fit for girls included certified trades (such as hairdressing or dress making), nursing and midwifery, and pre-school and primary school teacher training. The upper secondary study for university entrance examination was considered more appropriate for boys. Yet even there the proportion of girls gradually rose, surpassing that of boys in 1978 and soon reaching 60%. Having reached that milestone, girls were, at least during the 1970s, encouraged to either find work (sometimes to provide for the family while the husband finished his study) or choose a practical vocational study, such as nursing or teacher training (now moved to the tertiary level) or even more practical options such as lab technician. Among those who embarked on a university study, women were less likely than men to study abroad and less likely to continue beyond undergraduate level. Only in 1998 did women surpass 50% of those earning graduate degrees at Icelandic universities and only since 2014 have more women than men been granted doctoral degrees. At long last, Icelandic girls no longer accepted the advice that their studies should be shorter, more practical, less academic.

Key words: History of education (Iceland), female education, home economy schools

Um höfund

Helgi Skúli Kjartansson (helgisk@hi.is) er prófessor á eftirlaunum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann er sagnfræðingur, cand.mag. frá Háskóla Íslands 1976, fastur kennari (síðast prófessor) við Kennaraháskóla Íslands, síðar Menntavísindasvið Háskóla Íslands, frá 1985 til starfsloka 2019. Helgi Skúli hefur lagt stund á margvísleg ritstörf (m.a. þýðingar) og útgáfustörf og skrifað bæði fyrir almennan vettvang (m.a. námsefni) og sérfræðilegan. Rannsóknir hans varða m.a. íslenska fólksfjöldasögu og skólasögu 19. og 20. aldar.

About the author

Helgi Skúli Kjartansson (helgisk@hi.is) is professor emeritus of history at the School of Education of the University of Iceland. Educated at the University of Iceland, he has been tenured at the Icelandic College of Education, later UI School of Education, from 1985 until retirement in 2019. Helgi Skúli has been a prolific writer of textbooks and popular literature as well as scholarly publications. His research specialities include, inter alia, Icelandic demographic history and history of education, focusing on the 19th and 20th centuries.

Heimildir

- Arngrímur Kristjánsson. (1951). *Sitt af hverju tæi. Menntamál*, 24(2), 85–88. <https://timarit.is/page/4555212?iabr=on#page/n37/mode/2up>
- Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. (ritstjórar). (1997). *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Hagstofa Íslands. <https://baekur.is/bok/000155104>
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Brautskráðir stúdentar eftir kyni 1847–2020*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__1_fsProf/SKO03200.px
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Brautskráningar á háskólastigi og doktorsstigi eftir prófgráðu, aldursflokki og kyni 1995–2020*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__4_haskolastig__1_hsProf/SKO04203.px
- Jón Torfi Jónasson. (1995). Er skólakerfið að springa? Um þróun háskólastigsins á Íslandi. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum. Erindi flutt á ráðstefnu í september 1994* (bls. 182–196). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Fjöldi nemenda og fjármagn. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi, Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 176–194). Háskólaútgáfan.
- Miðstöð framhaldsnáms. (e.d.). *Tölfræði doktorsnáms 2009–2014. Háskóli Íslands*. https://www.hi.is/sites/default/files/natalialp/mf_2009_2014_final.pdf
- Velferðarráðuneytið. (2011). *Jafnréttisþing 2011. Skýrsla velferðarráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Jafnrétti kynjanna í tölum*. <http://hdl.handle.net/10802/10008>



Stutt nám handa stelpunum. Um hömlur á menntasókn íslenskra stúlkna á 20. öld. (2022).

Helgi Skúli Kjartansson

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérít til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/05.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.75>